



# Áveitan

3. tbl. 18. árgangur. Mars 2024



## Páska Bingó

Fimmtudaginn 21. mars í Þingborg  
Húsið opnar kl 17:30 og  
Bingóið hefst stundvíslega kl 18:00  
Glæsileg páskaegg í vinning  
Spjaldið kostar 500 kr.  
ATH ekki verður posi á staðnum  
Hlökkum til að sjá ykkur!  
Skemmtinefnd Umf. Þjóttanda

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is  
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719  
865-5692

## Pistill frá sveitarstjóra Flóahrepps

Kæru sveitungar og aðrir lesendur Áveittunnar



Góa er gengin í garð og gaman að finna orkuna um allt með hækkanði sól.

Þorrinn lét finna hressilega fyrir sér í kringum mánaðarmótin janúar-febrúar þegar hver lægðin á fætur annarri gekk yfir landið.

Í byrjun febrúar var haldið sameiginlegt þorrablót í fyrsta skipti og fór það vel fram og var góð skemmtun fyrir þá sem það sóttu. *Ég vil þakka*

*þorrablótsnefnd kærlega fyrir þeirra framlag til menningar og skemmtunar í sveitarfélaginu okkar en þessi rótgróna hefð er sterk í okkar samfélagi.*



## Íbúafundur 26. mars

Sveitarstjórn Flóahrepps ákvað á síðasta fundi sínum að boða til íbúafundar. Fundurinn verður haldinn í Félagslundum Þriðjudagskvöldið 26. mars kl. 20:00-22:00. Meðal málefna á fundinum verður umræða um úrgangsmál í landbúnaði, kynningar vegna endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps og á framtíðaruppbyggingu við Flóaskóla ásamt öðrum málum sem kunna að brenna á íbúum.

*Á heimasíðu Flóahrepps er nú í gangi könnun þar sem áhugasamir geta sent inn hugmyndir um önnur mál sem erindi gætu átt á íbúafundinum. Hægt verður að senda inn hugmyndir til 8. mars.*

Sjá nánar hér: <https://www.floahreppur.is/is/frettir/konnun-fyrir-ibuafund>

## Vinnuskóli

Stefnt er að því að starfrækja vinnuskóla fyrir unglinga á aldrinum í sumar. *Sumarið 2024 eiga unglingar fæddir 2008-2010 kost á vinnu í 6 vikur frá klukkan 9:00-15:00, mánudaga-fimmtudaga og þeir sem fæddir eru 2011 eiga kost á vinnu í 2 vikur í samráði við flokkstjóra.*

Sjá nánar hér: <https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/fraedslumal/vinnuskoli-floahrepps>

Allt byggist þetta á því að við fáum öfluga flokkstjóra til starfa til að stýra vinnuskólanum.

*Auglýsing um störf flokkstjóra hefur verið birt á heimasíðu Flóahrepps. Hvet áhugasöm til að sækja um störf flokkstjóra og við vinnuskólann enda skemmtilegt og fjölbreytt starf.*

Auglýsingu um starf flokkstjóra má sjá hér: <https://www.floahreppur.is/is/frettir/flokkstjorar-i-vinnuskola-floahrepps-2023>

## Hvatagreiðslur

Flóahreppur greiðir styrk til íþróttá- lista- og tólmundaiðkunar tvisvar sinnum á ári, að hausti og vori. Umsóknarfrestur vegna hvatagreiðslna að vori er til **1. apríl**. Foreldrar/ forráðamenn barna á aldrinum frá og með 5 ára og að 18 ára aldri sem eiga lögheimili í Flóahreppi geta sótt um greiðslurnar. **Athugið að ekki er hægt að sækja um aftur í tímann þ.e fyrir tímabil fyrir áramótin 2023-2024 og ekki er tekið við umsóknum eftir að umsóknarfrestur rennur út.**

*Umsóknir og nánari reglur um hvatagreiðslur má nálgast hér á heimasíðu: <https://www.floahreppur.is/is/sveitin-okkar/ithrottir-og-utivist/hvatagreidslur>*

## Styrkur til menningarmála

Sveitarstjórn veitir árlega styrk/styrki til menningarmála í sveitarfélaginu skv. gildandi reglum um úthlutun. Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu. Umsóknum skal skila á skrifstofu Flóahrepps **fyrir 15. apríl** og úthlutanir verða í tenglum við Fjör í Flóa í vor.

Sjá nánari reglur um úthlutun menningarstyrks á heimasíðu  
Flóahrepps: [https://www.floahreppur.is/static/files/Reglur/  
rett\\_reglur-um-uthlutun-styrks-til-menninqarmala-i-floahreppi.pdf](https://www.floahreppur.is/static/files/Reglur/rett_reglur-um-uthlutun-styrks-til-menninqarmala-i-floahreppi.pdf)

## Girðingar og ástand vega

Eftir snjópungar vikur undanfarið láta girðingar víða á sjá. Íbúar og aðrir umsjónaraðilar eru hvattir til að yfirfara girðingar og lagfæra þar sem þarf. Töluvert hefur verið um tilkynningar um að hross hafa verið laus á vegum síðustu vikunnar vegna skemmdra girðinga. *Laus hross og annar búfénaður geta valdið miklum skemmdum og auka slyshættu á vegum umtalsvert.* Hægt er að hafa samband við lögregluna eða sveitarfélagið ef íbúar eða vegfarendur verða varir við laus hross og er þá reynt að hafa uppi á eiganda og haft samband. Einnig hefur gefist vel að setja tilkynningar á hópa á facebook svo sem „bændur í Flóahrepp“ til að láta vita um laus hross og hafa eigendur þá brugðist skjótt við.

Yfirborð vega er einnig slæmt víða um sveitarfélagið og á það jafnt við um klæðningar og malarvegi. Klæðningar fara oft illa þegar hlýindakaflar koma eftir mikinn kulda og snjó og eru holur og vegblæðingar farnar að myndast víða. *Íbúar eru hvattir til að hafa samband við Vegagerðina eða sveitarfélagið og tilkynna um holur í klæðningu.* Djúpar holur í vegum eru slysavaldur og geta valdið skemmdum á ökutækjum. Einnig er hægt er að tilkynna um holur í vegum eða önnur frávik á götum og umferðarmannvirkjum á vefsíðu FÍB: <https://fib.samsyn.is/> Vegagerðin bregst yfirleitt fljótt við ef tilkynnt er um holur, ýmist með því að fylla í holur eða með varúðarmerkingum.

Sveitarfélagið er í reglulegum samskiptum við Vegagerðin vegna ástands malarvega í sveitarfélaginu og er mikilvægt að halda því samtali áfram. Einnig hefur sveitarstjóri óskað eftir fundi með svæðisstjóra til að ræða umferðaröryggi innan sveitarfélagsins ásamt endurskoðun á vetrarþjónustu Vegagerðarinnar innan sveitarfélagsins.

## **Skóla- og velferðarþjónustan – ný heimasíða**

Ný heimasíða Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls opnaði formlega 1. mars [www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is). Síðan er nú notendavænni en áður og hafa upplýsingar verið uppfærðar í samræmi við breytingu á þjónustunni. Áfram verður unnið í heimsíðunni og nýjar upplýsingar og fróðleikur sett jafnt og þétt inn. Einnig verða umsóknareyðublöð uppfærð og smám saman færð í rafrænt form.

Hjá Skóla- og velferðarþjónustunni starfar öflugur hópur fólks sem sinnir sérfræðiþjónustu á sviði skóla- og velferðarmála. Við þjónustuna starfa félagsráðgjafar, talmeinafræðingar, uppeldis-, kennslu, og fjölskylduráðgjafar, námsráðgjafi, ráðgjafa- og þroskaþjálfari, forstöðumaður heimaþjónustu ásamt deildarstjórum skóla- og velferðarþjónustu. Sálfræðingar starfa í verktöku og vinna úr tilvísunum vegna greininga barna og unglinga.

## **Seyruverkefnið**

Frá síðustu áramótum fluttist Seyruverkefnið til Umhverfis og tæknisviðs Uppsveita, UTU, á Laugarvatni. Að Seyruverkefninu standa sveitarfélögin Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna, Landgræðslunnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og reka sveitarfélögin móttökustöð fyrir seyru á Flúðum og annast hreinsun rotþróa í sveitarfélögunum.

Verkefnið felst í því að sveitarfélögin sjá um hreinsun rotþróa. Hverja rotþró þarf að hreinsa á þriggja ára fresti. Seyrunni er safnað af seyruþil sem flytur hana að Seyrustöðum, í Hrunamannahreppi. Það er seyrunni blandað saman við kalk og stundum einnig grasfræ. Þegar seyran hefur verið kölkueð er henni dreift á sérstakt dreifingarsvæði inn á Hrunamannafrétti þar sem hún er notueð í uppgræðslu. Rotþrær á svæðinu eru nú vel ríflega 7.000 og hefur þeim fjölgað ört undanfarin ár. Verkefnið hefur frá upphafi verið mikið frumkvöðlastarf en Seyrustaðir eru eina vinnslustöð sinnar tegundar á Íslandi.

## Ráðgjafavinna

Gerður hefur verið samningur við Börk Brynjarsson um að sinna ráðgjafarvinnu fyrir Flóahrepp á árinu. Helstu verkefni verða tengd greiningu og kortlagningu á vatnsveitunni, innleiðing innra eftirlits vatnsveitunnar, undirbúningur á innleiðingu mæla á stórnotendur vatns, samskipti við verktaka í vatnsveitu, nýtingingar og ýmis önnur tilfallandi verkefni sem snúa að vatnsveitu og verklegum framkvæmdum í sveitarfélaginu.

## Opnunartímar gámasvæðisins í Hrísmýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

*Athugið að sú breyting hefur orðið á þjónustu ÍGF að ekki er opið á laugardögum.*

Sjá nánar hér: <https://gamafelaqid.is/starfsstod/islenska-gamafelaqid-sudurlandi/>

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið [igf@igf.is](mailto:igf@igf.is)

*Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrísmýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.*

## Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á [hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is) til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal.

Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á [arni@floahreppur.is](mailto:arni@floahreppur.is).

### **Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:**

Andri Þór Erlingsson og Ingibjörg Einarsdóttir sjá um húsvörslu í Félagslund og Þingborg. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist í síma 691-7082 eða á netfangið [thingborg@gmail.com](mailto:thingborg@gmail.com).

### **Opnunartími skrifstofu:**

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: [anna@floahreppur.is](mailto:anna@floahreppur.is)

Hafdís bókari, launafulltrúi og umsjón með álagningakerfi: [hafdis@floahreppur.is](mailto:hafdis@floahreppur.is)

Hulda sveitarstjóri: [hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)

**Vaktsími vatnsveitu: 862-6848**

### **Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags- og byggingarmála:**

*UTU er staðsett á Laugarvatni.*

Almennt netfang: [utu@utu.is](mailto:utu@utu.is)

Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00.

Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara.

Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>

### **Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs:**

*Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar.*

Sími: 480-1180

Vegna skólalþjónustu: [skolathjonusta@arnesthing.is](mailto:skolathjonusta@arnesthing.is)

Vegna velferðarþjónustu: [velferdarthjonusta@arnesthing.is](mailto:velferdarthjonusta@arnesthing.is)

Sjá nánar hér: [www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is)

## Næsti fundur sveitarstjórnar:

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 5. mars kl. 16:00 í Þingborg. Erindi sem óskað er eftir að verði tekin fyrir þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) í síðasta lagi kl. 12:00 föstudaginn 1. mars.

*Að lokum langar mig að þakka fráfarandi formanni Ungmennafélagsins Þjótanda, Fanneyju Ólafsdóttur, fyrir einstaklega gott og farsælt samstarf. Það er ekki sjálfgefið fyrir lítil samfélög að hafa öflug félagasamtök starfandi og eiga þeir sem gefa sér tíma í það miklar þakkir skildar. Nýjum formanni félagsins, Guðmundu Brieti Steindórsdóttur, óska ég á sama tíma velfarnaðar í starfi formanns Þjótanda og hlakka til að eiga áframhaldandi gott samstarf á milli Þjótanda og sveitarfélagsins Flóahrepps.*

*Með kærri kveðju*

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

## Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Aðalfundurinn okkar verður haldinn miðvikudaginn 13. mars kl. 19:00 í Þjórsárverri. Dagskrá fundar eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Kaffikonur eru Jóhanna K. Atladóttir, Kristín Stefánsdóttir og Mia Pellikka.

Nýjar konur velkomnar á fundinn til kynningar eða inngöngu í félagið.

Upplýsingar veitir Ósk formaður í síma 847-3687 eða netfang [kvvillingaholtshrepps@gmail.com](mailto:kvvillingaholtshrepps@gmail.com).

Kveðja, stjórnin





SVEITARSTJÓRN  
FLÓAHREPPS BOÐAR TIL

# ÍBÚAFUNDAR

FÉLAGSLUNDUR

UMRÆÐUEFNI

*Úrgangsmál vegna landbúnaðar*  
*Endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps*  
*Uppbygging við Flóaskóla*  
*Önnur mál*

**ÞRIÐJUDAGINN**

26. mars 2024



**KLUKKAN**

20:00-22:00



[www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)

**VINNUSKÓLI**

# FLOKKSTJÓRAR OSKAST

Leitað er eftir öflugum einstaklingum sem eiga auðvelt með samskipti og hafa gaman af því að starfa með unglingum og ungmennum.

## ***NÁNARI UPPLÝSINGAR:***



**FLÓAHREPPUR**



[floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

## **Messur í mars og apríl - páskamessur**

**17. mars** – *4. sunnudagur í föstu*

**Hraungerðiskirkja kl. 14:00** – Prestur er Guðbjörg Arnardóttir

**28. mars** – *skírdagur*

**Laugardælakirkja kl. 14:00** – Prestur er Ása Björk Ólafsdóttir

**31. mars** – *páskadagur*

**Hraungerðiskirkja kl. 11:00** – Hátíðarguðspjónusta. Sungnir hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar. Prestur er Guðbjörg Arnardóttir

**1. apríl** – *annar páskadagur*

**Villingaholtskirkja kl. 11:00** – Hátíðarguðspjónusta. Sungnir hátíðasöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar. Prestur er Guðbjörg Arnardóttir

**Gaulverjabæjarkirkja kl. 14:00** – Hátíðarguðspjónusta. Prestur er Guðbjörg Arnardóttir.

*Vinsamlega athugið vel tímasetningar á messum, sem eru breytilegar eftir dögum og kirkjum*

## **Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps**

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í þriðjudaginn 12. mars kl 20:00 í Þingborg Dagskrá fundar eru venjuleg aðalfundarstörf.

Kaffikonur eru Björg Torfadóttir, Hafdís Hafsteinsdóttir og Margrét Einarsdóttir

Nýjar konur velkomnar sem vilja kynna sér starf kvenfélagsins.

Stjórn Kvenfélags Hraungerðishrepps.

# Glímufréttir

## Grunnskólamót HSK

Grunnskólamót HSK fór fram á Hvolsvelli miðvikudaginn 28. febrúar. 54 keppendur úr fjórum grunnskólum á HSK svæðinu tóku þátt í fjörugri og skemmtilegri keppni. Fjórir keppendur úr Umf. Þjótanda kepptu fyrir hönd Flóaskóla á mótinu og náðu þau öll í verðlaunasæti.

### 5. bekkur stúlkna - 5 keppendur

1. Kristín María Sigurðardóttir	3,5	vinningar
3. Ásgerður Saga Stefánsdóttir	2	vinningar

### 7. bekkur stráka - 5 keppendur

2. Gísli Svavar Sigurðsson	3	vinningar
----------------------------	---	-----------

### 9. bekkur stráka - 6 keppendur

2. Björgvin Guðni Sigurðsson	3 + 2	vinningar
------------------------------	-------	-----------

## Héraðsglíma HSK - Skjaldarglímur

Héraðsglíma HSK verður haldin í íþróttahúsinu að Laugarvatni fimmtudaginn 7. mars kl. 17:30. Húsið opnar kl. 17:00.

Flokkaskipting er svohljóðandi:

Drengir og stúlkur 11 og yngri, 12, 13, 14, 15 og 16 ára, unglímaflokkur drengja 17 - 20 ára og fullorðinsflokkar karla og kvenna.

## Aðalfundur Glímuráðs

Aðalfundur Glímuráðs HSK verður haldinn í Selinu á Selfossi 5. mars n.k. kl. 20:00.

# Fjör í Flóa

## 31. MAÍ - 1. JÚNÍ

### 2024

Lumar þú nokkuð á,

Gömlum landbúnaðartækjum eða dráttarvélum?

Fallegu handverki fyrir sölubása ? Eða til sýnis ?

Afurðum beint frá býli ?

Skemmtilegum hugmyndum ?

Langar þig að hafa opið hús ?

Hlökkum til að heyra frá þér

Rúnar s: 898-1535

Harpa s: 848-7713

Sigrún s: 862-1574

Finndu okkur á FB Fjör í Flóa og

Instagram

Menning i Flóa



## Fréttir úr Flóaskóla

Fréttir úr Flóaskóla

Nú er sól farin að hækka á lofti og tveir þriðju skólaársins að baki. Okkur í skólanum finnst dagarnir hreinlega fljúga framhjá enda er alltaf nóg að gera við hin fjölbreytilegustu viðfangsefni.



Stærsta verkefni nýliðins mánaðar var án efa metnaðarfullt verkefni Langspilssveitar Flóaskóla. Undanfarin ár hafa nemendur í 5. bekk smíðað langspil undir stjórn Eyjólfssonar, lært að spila á langspilin og spilað því næst á langspilsvöku. Eins og við sögðum frá í síðustu Áveitu þá var verkefnið tekið enn lengra í vetur þegar langspilsnemendum var boðið að taka þátt í samstarfsverkefni með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Listasafni Íslands og Flóaskóla.



Lokaafurð verkefnisins voru skólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar-

innar með þátttöku nemenda í Langspilssveit Flóaskóla. Allir áhugasamir langspilsnemendur í 5.-10. bekk áttu kost á að vera með í verkefninu. Alls taka um 25 nemendur þátt og gaman að segja frá því að elstu nemendur skólans sem smíðuðu sín hljóðfæri fyrir nær 5 árum eru þó nokkur með í hópnunum.

Þátttaka í verkefninu felur í sér sex skóladaga í Hörpu ýmist á æfingum eða tónleikum með Sinfóníuhljómsveitinni. Þrjár þessara daga voru í febrúar og þrjár verða um mánaðarmótin apríl - maí. Nú þegar hafa verið haldnir þrennir tónleikar fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Þessir tónleikar hafa gengið mjög vel og Langspilssveit Flóaskóla kemur sterk inn í þetta samstarf. Allir sem hafa áhuga á að hlýða á þessa tónleika geta mætt í Hörpu þegar seinni tónleikalotan fer fram. Þetta er sannarlega metnaðarfullt verkefni sem við erum afar stolt af. Okkur er tjáð að Langspilssveit Flóaskóla sé sú eina sinnar tegundar á landinu.

Í skólanum er alltaf nóg að gera og dagskráin í mars er ekki síður fjölbreytt en undangengna mánuði. Elstu nemendur skólans verða á farandsfæti í mars og sækja Norðurlandið heim. Nemendur á unglingsstigi ríða á vaðið, fara í skíðaferð á Sauðárkrók dagana 5.-7. mars. Þau verða komin í brekkur Tindastóls upp úr hádegi á þriðjudegi og geta síðan nýtt allan miðvikudaginn í fjallinu. Fimmtudaginn 7. verður svo nýttur til heimferðar. 7. bekkur tekur svo við keflinu og fer í skólabúðirnar að Reykjum í Hrutafirði dagana 11.-14. mars. Þau koma heim síðdegis á fimmtudegi úr þeirri ferð.

Nemendur á yngsta stigi eru önnur kafnir við undirbúning árs hátíðarleikrits. Þetta árið er efni sótt í smíðju Astrid Lindgren og varð Emil í Kattholti fyrir valinu. Mikill metnaður er lagður í verkefnið og megum við eiga vona á góðri skemmtun fimmtudaginn 20. mars en þá verður sýning kl 9:00 í Þjórsárveri og eru allir boðnir velkomnir.

Við endum svo mánuðinn í páskaleyfi og óskum við öllum gleðilegrar páskahátíðar.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla  
Þórunn Jónasdóttir

## Frá Aðalfundi Umf Þjótanda

Aðalfundur Ungmennafélagsins Þjótanda haldinn  
4. febrúar 2024 kl 19:00 í Þingborg



1. Fundarsetning og kosning starfsmanna fundarins Fanney Ólafsdóttir formaður Ungmennafélagsins Þjótanda setti fundinn og skipaði starfsmenn fundarins.

Anný Ingimarsdóttir var skipuð fundarstjóri og Sveinn Orri Einarsson fundarritari.

2. Fundargerð síðasta aðalfundar Sveinn Orri Einarsson ritari félagsins las upp fundargerð síðasta aðalfundar.

3. Skýrsla stjórnar Fanney Ólafsdóttir formaður Þjótanda, las skýrslu stjórnar og tilkynnir að hún gefi ekki kost á sér áfram sem formaður.

Skýrslur nefnda

a. Bryndís Eva Óskarsdóttir las upp skýrslu íþróttanefndarinnar.

b. Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Freyja Kristín Guðjónsdóttir lasu upp skýrslu skemmtinefndar

c. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir las upp skýrslu ritnefndar.

4. Ársreikningar Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri Umf Þjótanda fer yfir helstu reikninga og útgjöld ársins 2022. Þar má helst nefna að félagið stendur ágætlega fjárhagslega, að félagsgjöld voru 67.000 kr og hagnaður félagsins á síðasta ári var 1.169.502 kr

5 Umræða um skýrslu og ársreikninga – Ársreikningur var samþykktur samhljóða

6. Verðlaunaafhendingar

Fanney Ólafsdóttir tilkynnir val á Íþróttamanni Umf Þjótanda fyrir árið 2023. Bryndís Eva Óskarsdóttir hlaut titilinn að þessu sinni fyrir öflugt ár í keppni í frjálsum íþróttum.

Bryndís Eva Óskarsdóttir tilkynnir val á Félagi ársins 2023 sem að þessu sinni er Kolbrún Júlíusdóttir. Hún hefur verið óþreytandi við að styðja starf ungmennafélagsins og aðstoðar við ýmsa viðburði félagsins.

7. Inntaka nýrra félaga 7 nýir félagar gengu í félagið á árinu.

8. Kosningar

Fanney Ólafsdóttir segir af sér formennsku í félaginu. Guðmunda



Bríet Steindórsdóttir býður sig fram og er það samþykkt samhljóða.

Hanna Dóra Höskuldsdóttir býðir sig fram í varastjórn og er það samþykkt samhljóða.

Stjórn félagsins er því skipuð:

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir formaður

Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri

Sveinn Orri Einarsson ritari

Örvar Rafn Hlíðdal og Hanna Dóra Höskuldsdóttir í varastjórn

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Oddný Ása Ingjaldsdóttir í ritnefnd

Bryndís Eva Óskarsdóttir formaður íþróttanefndar

Freyja Kristín Guðjónsdóttir formaður skemmtinefndar

Í Einbúanefnd er Einar Magnússon.

Skoðunarmaður reikninga er Rannveig Árnadóttir.

9. Tillögur. Harpa Magnúsdóttir leggur til að fyrirkomulag varðandi árgjald haldi sér. Er samþykkt samhljóða.

10. önnur mál

Anný Ingimarsdóttir ber kveðju frá stjórn HSK. Segir frá að horft sé til félagsins er varðar virkni og vel heppnaðrar sameiningar.

Ottó Ingi Annýjarson kom í pontu og talaði um að það væri gaman ef hægt væri að vera líka með Þjótanda stuttbuxur

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir kom í pontu og þakkar Fanney fyrir frábært starf, óskar Guðmundu Bríeti velfarnaðar í nýju hlutverki og verðlaunahöfum til hamingju.

Bryndís Eva Óskarsdóttir kom í pontu og þakkar Fanney fyrir samstarfið, óskar Guðmundu velfarnaðar í sínu starfi og óskar Kolbrúnu til hamingju með sín verðlaun.

Hrafnhildur Baldursdóttir spurði hvað væri á döfinni hjá félaginu.

Fanney Ólafsdóttir verður fyrir svörum og segir frá hefðbundnu starfi félagsins en þar að auki sé félagið í sífelldri endurskoðun bæði hvað varðar nýjungar en einnig að breyta og bæta úr því sem þarf. Fanney þakkar hlý orð í sinn garð og segist stolt af sínu félagi og því starfi sem það stendur fyrir.

Kolla þakkar viðurkenningu sína og er ekki af baki dottin að hjálpa félaginu.

13. Fundarslit Fanney Ólafsdóttir fráfarandi formaður þakkar fyrir komuna og slítur fundinum Á fundinn mættu 24 félagsmenn.

## Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

### Aðalfundur

Aðalfundur HRFF verður haldinn í Þingborg fimmtudagskvöldið 21. mars. Fundurinn hefst kl. 20:00. Kaffiveitingar í boði félagsins. Hvetjum við félagsmenn til að mæta á aðalfundinn og hafa áhrif á störf félagsins.

Á dagskrá fundar eru hefðbundin aðalfundarstörf

Stjórn HRFF

E.S minnum einnig á folaldasýninguna sem verður haldinn sunnudaginn 3. mars í Sleipnishöllinni og byrjar kl. 13:30. Þangað eru allir velkomnir.



# Meistarmót Íslands 11-14 ára 10.-11.febrúar Reykjavík

## 12 ára piltar

### 60m hlaup

23.sæti	10,19 sek	Kristján Reynisson
28.sæti	10,63 sek	Ottó Ingi Annýjarsen <b>pb.</b>

### 400m hlaup

15.sæti	79,42 sek	Kristján Reynisson <b>pb.</b>
32.sæti	96,53 sek	Ottó Ingi Annýjarsen

### Langstökk

11.sæti	3,79 m	Kristján Reynisson
25.sæti	3,24 m	Ottó Ingi Annýjarsen <b>pb.</b>

### Hástökk

22.sæti	1,11 m	Ottó Ingi Annýjarsen <b>pb.</b>
23-25.sæti	1,06 m	Kristján Reynisson

### Kúluvarp 3 kg

3.sæti	7,62 m	Baldur Ragnar Ragnarsson <b>pb.</b>
10.sæti	6,13 m	Kristján Reynisson
37.sæti	4,08 m	Ottó Ingi Annýjarsen <b>pb</b>

## 12 ára stúlkur

### Lilja María Axelsdóttir

16.sæti	9,81 sek	60 m hlaup <b>pb</b>
12.sæti	78,66 sek	400 m hlaup <b>pb.</b>
18.sæti	3,54 m	langstökk
11-12.sæti	1,16 m	hástökk <b>=pb</b>
29.sæti	5,15 m	kúluvarp 2 kg

# Meistarmót Íslands í fjölþraut 24.febrúar 2024 Reykjavík

## Helgi Reynisson

8,54 sek	60 m hlaup
11,08 sek	60 m grind
3:22,8 mín	1000 m hlaup <b>pb.</b>
1,52 m	Hástökk
3,00 m	Stangarstökk <b>pb.</b>
5,24 m	Langstökk
9,72 m	Kúluvarp 5 kg <b>pb.</b>

## Sjöþraut heildarstig 2891 stig 3.sæti

## Dagskrá mánaðarins:

Folldasýning HRFF	3. mars
Æfingar í Þingborg	5. mars
Fundur sveitastjórnar	5. mars
Glímuæfing	6. mars
Æfingar í Þingborg	12. mars
Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	12. mars
Glímuæfing	13. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	13. mars
Messa í Hraungerðiskirkju	17. mars
Æfingar í Þingborg	19. mars
Glímuæfing	20. mars
Páskabingó Umf Þjótanda	21. mars
Aðalfundur HRFF	21. mars
Æfingar í Þingborg	26. mars
Íbúafundur í Félagslundi	26. mars
Glímuæfing	27. mars
Messa í Laugardælakirkju	28 mars
Hátíðarguðþjónusta í Hraungerðiskirkju	31. mars
Hátíðarguðþjónusta í Villingaholtskirkju	1. apríl
Hátíðarguðþjónusta í Gaulverjabæjarkirkju	1. apríl

